

14.02.2007

Félag Guðfræðinema

Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Drög.

Með vísan í þær breytingar sem eru í undirbúningi á skiptingu Háskóla Íslands í deildir og skorir, þá er það álit Félags guðfræðinema að eðlilegt er að málefni ríkisháskóla komi til frekari skoðunar líkt og kemur fram í frumvarpi þessu.

Teljum við að faglegur ávinningur sé mikill með auknu samstarfi Háskólans og Kennaraháskólans m.a. hvað fræðasvið Guðfræðideildar varðar.

Kjörsvið samfélagsgreina innan Kennaraháskólans felur m.a. í sér kennslu í kristnum fræðum og trúabragðafræði. Markmið þessa kjörsviðs er útlistað í kennsluskrá Kennaraháskólans og segir þar: Markmið kjörsviðs í samfélagsgreinum er að mennta kennara sérstaklega til kennslu samfélagsgreina í grunnskólum einkum með áherslu á miðstig og unglíngastig. Stefnt er að því að nemendur:

- fái innsýn í greinar sviðsins, þ.e. kristinfræði og trúarbragðafræði, landafræði, lífsleikni, sögu og þjóðfélagsfræði,
- öðlist faglega þekkingu sem gerir þá færa um að undirbúa kennslu í þessum greinum á sjálfstæðan hátt,
- átti sig á sérstöðu og innbyrðis tengslum greina sviðsins sem og tengslum við aðrar greinar,
- verði færir um að kenna þessar greinar í grunnskólum.

Það er okkar mat að hér geti Guðfræðideild Háskóla Íslands og Kennaraháskólinn átt gott samstarf þar sem innan Guðfræðideildar er kennd bæði almenn trúabragðafræði sem og kristin guðfræði. Einnig getur Guðfræðideildin sótt í sjóði Kennaraháskólans hvað varðar kennslu í uppeldisfræði og almennum menntunarfræðum þar sem þau fræði snerta einnig okkar fræðasvið innan Guðfræðinnar. Það má því ætla að samstarf verði auðveldara en nú er sameinist háskólarnir tveir.

Virðingarfyllt

Félag guðfræðinema

c/o Stefán Einar Stefánsson, formaður félags guðfræðinema.